

Sjúklingakort



ENHERTU[®]▼ sjúklingakort vegna hugsanlegra lungnavandamála

Útgáfa 1

Samþykkt af Lyfjastofnun í júní 2023

 Daiichi-Sankyo

- ▶ Þetta sjúklingakort auðveldar þér að þekkja einkenni lungnavandamála sem þú gætir fundið fyrir meðan þú notar Enhertu.
- ▶ Lestu þessar upplýsingar áður en þú byrjar að fá Enhertu og fyrir hvert innrennsli.
- ▶ Berðu kortið alltaf á þér og sýndu það öllum læknum sem þú leitar til (til dæmis ef læknirinn sem annast meðferðina er ekki tiltækur eða ef þú ert á ferðalagi).

Upptalning aukaverkana á þessu korti er ekki tæmandi.

**Ef þú vilt fá meiri
upplýsingar um
aukaverkanir skaltu
lesa fylgiseðilinn með
Enhertu eða ræða við
lækninn.**

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram.

Mikilvæg lungna- vandamál sem gætu komið fram við meðferðina

Sjúklingar sem fá meðferð með Enhertu gætu átt á hættu að fá alvarlegar og hugsanlega banvænar aukaverkanir á lungu. Mikilvægt er að greina lungnavandamál snemma og meðhöndla þau til að draga úr þessari hættu.

Það er mikilvægt að þú hafir samband við eða hittir lækni þinn tafarlaust á heilbrigðisstofnuninni ef

**vart verður við einhver eftir-
talinna ummerkja eða ein-
kenna meðan á meðferðinni
stendur:**

- **hósta**
- **mæði**
- **hita**
- **eða önnur ný eða versnandi
öndunarvandamál**

Leitaðu til læknis eins fljótt og
þú getur. Reyndu aldrei að með-
höndla þessi einkenni sjálf(ur).

Áður en þú byrjar að fá Enhertu og fyrir hvert innrennsli

Segðu læknum frá

- ▶ Öllum lungna- eða hjartavandamálum sem þú ert með eða hefur einhvern tímann fengið, einkum ef þú ert með sögu um lungnavandamál, þar á meðal bólgusjúkdóm í lungum sem kallast millivefslungnasjúkdómur.
- ▶ Öllum öðrum kvillum sem þú ert með eða hefur fengið.

- ▶ Öllum lyfjum sem þú notar, bæði lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölu lyfjum, vítamínum og náttúrulyfjum. Þekktu lyfin sem þú notar og sýndu læknum skrá yfir þau.

Eftirfarandi upplýsingar fyllist út af lækni/heilbrigðisstarfsmanni: Upplýsingar um mig

.....
Nafn

.....
Sími

**Fyrir heilbrigðisstarfsfólk í neyðar-
tilvikum: Ég er í meðferð með Enhertu.
Upplýsingar um lækni minn:**

.....
Nafn læknis

.....
Sími læknis

.....
Nafn hjúkrunarfræðings

.....
Sími hjúkrunarfræðings

Útgáfa 1 | Samþykkt af Lyfjastofnun í júní 2023